

Ed.

233. Nefndarálit

[2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Pegar frv. til lánsfjárlaga var tekið til 1. umr. bentu talsmenn stjórnarandstöðunnar á það að allt væri í óvissu um tekjuöflun og lánsfjárbörf ríkissjóðs og því erfitt að leggja mat á efni þessa frv. Sú óvissa ríkir enn enda óljóst með öllu hve háar fjárhæðir verða endanlega teknar að láni erlendis í þágu ríkissjóðs samkvæmt væntanlegum fjárlögum.

Eins og frv. liggur nú fyrir er áformað að taka 7936 millj. kr. að láni erlendis á næsta ári. Afborganir af löngum erlendum lánnum nema 5870 millj. kr. Langtímaskuldir gagnvart útlöndum eiga því að aukast um rúmlega 2000 millj. kr. eða sem nemur 1,7% af áætlaðri landsframleiðslu.

Á sínum tíma lýsti ríkisstjórnin því yfir að erlendar skuldir í hlutfalli við þjóðarframleiðslu mundu ekki fara yfir 60%. Við afgreiðslu lánsfjáráætlunar í fyrra var þetta hlutfall áætlað 63,9% í árslok 1985 miðað við þáverandi áform um erlendar lántökur og 0,7% vöxt þjóðarframleiðslu. Nú er þessi hlutfallstala áætluð út frá öðrum forsendum og með öðrum reikningsaðferðum og telst vera, miðað við landsframleiðslu, 52,9%.

Rétt er að vekja á því athygli að þróun langtímalána erlendis segir ekki alla söguna. Eins og sjá má í töflu 23 í lánsfjáráætlun í athugasemdum með fjárlagafrv., um áætlaðan greiðslujöfnuð við útlönd, er jafnframt gert ráð fyrir að skammtímalán aukist verulega eða um 2234 millj. kr., sbr. liðinn „Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó“.

Ljóst er að ýmsir liðir frv. gætu reynst verulega vanáætlaðir og má nefna beiðnir hitaveitna sveitarfélaga um lántöku að upphæð 200 millj. kr. sem einkum eiga að ganga til skuldbreytinga vegna gífurlegra fjárhagserfiðleika nokkurra hitaveitna. Til þessa verkefnis er áformað að verja 95 millj. kr.

Áætlað er að einkafyrirtæki taki erlend lán að fjárhæð 2535 millj. kr. Á þessu ári voru lántökur einkaaðila 1832 millj. kr. og fóru 232 millj. kr. fram úr áætlun ársins. Hér þarf tvímælalaust að beita strangara aðhaldi.

Áætlanir um sölu spariskírteina ríkissjóðs virðast óraunsæjar og allt of háar miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum.

Loks má nefna áformaðar framkvæmdir Landsvirkjunar að fjárhæð 642 millj. kr. sem engin þörf virðist á að svo stöddu miðað við spá um orkuþörf landsmanna.

Að öllu þessu athuguðu mælum við ekki með samþykkt þessa frv.

Alþingi, 10. des. 1985.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Ragnar Arnalds,
frsm.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.